



# *Ársskýrsla 2009*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**



# Efnisyfirlit

---

## Ársskýrsla

Ávarp stjórnarformanns.....	1
Ávöxtun og tryggingafræðileg staða.....	3
Iðgjöld og lífeyrir.....	4
Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok.....	5
Fjárfestingarstefna.....	6
Sjóðfélagalán.....	7
Innri málefni sjóðsins og sérstaða.....	8
Séreignardeild.....	9
Breytingar á samþykktum.....	11
Stjórn og starfsmenn.....	12

## Ársreikningur

Áritun endurskoðenda.....	15
Áritun skoðunarmanna.....	16
Áritun og skýrsla stjórnar.....	16
Yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	19
Efnahagsreikningur .....	20
Sjóðstreymi.....	21
Skýringar.....	22
Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	30
Deildaskiptur efnahagsreikningur .....	31
Deildaskipt sjóðstreymi.....	32
Kennitölur samtryggingardeildar.....	34
Kennitölur séreignarleiðar 1.....	35
Kennitölur séreignarleiðar 2.....	36
Kennitölur séreignarleiðar 3.....	37

### *Lífeyrissjóður verkfræðinga*

*Engjateigi 9, 105 Reykjavík*

*Kennitala: 430269-4299*

*Sími: 575 1000 - Fax: 575 1001*

*Netfang: lifsverk@lifsverk.is*

*Heimasíða: www.lifsverk.is*

*Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson*

*Prentun: Leturprent*



# Ávarp stjórnarformanns

---

Síðastliðin tvö ár hafa ekki reynst sjóðnum hagfelld. Ávöxtun sjóðsins 2009 var neikvæð um -0,4% sem má eingöngu rekja til afskrifta upp á rúma 2 milljarða króna en án afskrifta hefði ávöxtun sjóðsins verið jákvæð um 7%. Rekstur sjóðsins endurspeglar enn í afleiðingum bankahrunsins sem varð á haustmánuðum 2008. Á liðnu ári fór mikil vinna í kröfulýsingar vegna gjaldþrota.

Bankahrunið var mikið áfall fyrir íslenskt efnahagslíf. Miklir fjármunir töpuðust og framtíð margra breyttist. Margt brást og einstakir markaðsaðilar eru grunaðir um markaðsmisnotkun og innherjasvik. Ráðandi aðilar á markaði komust upp með allt annað en heiðarlega og eðlilega viðskiptahætti. Verðmyndun hlutabréfa var stýrð af bönkunum, eigendum þeirra og lykilstjórnendum með ótæpilegum aðgangi að lánsfé og eignarhaldsfélögum. Upplýsingagjöf varðandi eignarhald og fjármögnun stórra hluthafa var ábótavant og allt stuðlaði þetta að því keðjuverkandi hruni sem við höfum nú upplifað. Það mun taka langan tíma að endurvinna og byggja upp traust. Á þessu sviði sem og endurreisn íslensks efnahagslífs munu lífeyrissjóðirnir gegna lykilhlutverki á næstu árum.

Samfélagsleg ábyrgð lífeyrissjóðanna er mikil. Það er brýnt að þeir verði virkir í að móta heilbrigðar leikreglur á sviði fjármagnsmarkaðar og sýni frumkvæði í því mikilvæga starfi sem framundan er. Samstarf lífeyrissjóðanna hefur verið eflt á mörgum sviðum m.a. var Framtakstjóður Íslands stofnaður til að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn fyrirtækja. Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur skuldbundið sig til að taka þátt í þessu verkefni. Í skilmálum Framtakstjóðsins er kveðið á um að hann muni ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

Landssamtök lífeyrissjóða stofnuðu nefnd til að fara yfir hvaða lærdóm mætti draga af bankahruninu. Helstu niðurstöður þeirrar nefndar voru:

- Að auknir og hertir skilmálar verði á fyrirtækjaskuldbréfum, fulltrúi kröfuhafa verji hagsmuni kröfuhafa og skýr réttur til gjaldfellingar.

- Að í hlutafélögum skuli hluthafaskrár stærstu eigenda vera gegnsæjar, skýrar reglur um tengda aðila í hluthafahópi, birting upplýsinga um lán til hlutabréfakaupa og takmarkanir á því og hert ákvæði um stjórnunarhætti.

- Að auka fræðslu um áhættu og markvissari skilgreiningu á henni.

- Að setja lágmark á erlendar eignir lífeyrissjóða.

Í skýrslunni voru ekki dregin fram þau atriði sem fóru úrskeiðis heldur aðeins hvað á að læra af hrununu. Að mati formanns eru mörg atriði sem lítt er fjallað um og þarf að bæta. Í þessu sambandi vil ég nefna atriði eins og að selja verðbréf ef undirliggjandi eignir lækka, selja eignir ef ekki liggja fyrir nægar upplýsingar, selja eignir ef siðferði eigenda eða lykilstarfsmanna er vafasamt og vera ábyrgur fjárfestir en ekki óvirkur kaupandi. Auk þess að nýta tengsl og vera virkur eignaraðili og áhættumeta hverja eign. Hafa kjark til að horfast í augu við staðreyndir og þor til að selja eign með tapi til að draga úr áhættu. Lífeyrissjóður er virkur fjárfestir en ekki hlutlaus kaupandi fjármálagerninga.

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur undanfarin misseri endurskoðað sín vinnubrögð. Fyrir liggja endurbættar eigna- og áhættustýringarreglur vegna fjárfestinga sjóðsins.

Við uppgjör sjóðsins vegna ársins 2008 töldum við að langt hafi verið gengið í niðurfærslu innlendra fyrirtækjaskuldabréfa. Á síðasta ári kom í ljós að rekstur fleiri fyrirtækja stóð á brauðfótum og því hefur reynst nauðsynlegt að ganga enn lengra í afskriftum vegna þessa eignaflokks.

Lífeyrissjóðirnir hafa frá árinu 1994 haft heimild til fjárfestinga erlendis. Tilgangurinn með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum er bæði að hækka ávöxtun og ekki síður að dreifa áhættu með því að fjárfesta á öðrum markaðssvæðum með stærra hagkerfi. Samkvæmt núverandi lögum er þessi heimild miðuð við 50% af eign. Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur verið virkur í fjárfestingum erlendis og samstarfsaðilum fjölgað en rúm 31% af heildareignum sjóðsins eru í erlendum gjaldmiðlum. Þessi eignarflokkur skilaði sjóðnum góðri ávöxtun í

# Ávarp stjórnarformanns

---

fyrri og það sem af er þessa árs. Það er skoðun formanns að eignir sjóðsins erlendis eigi að vera sem næst 50% af heildareignum sjóðsins hins vegar er ekki skynsamlegt að fjárfesta þar núna meðan gengi krónunnar er lágt.

Fyrir milligöngu tveggja viðskiptabanka hafði sjóðurinn skömmu eftir síðustu aldamót fjárfest í erlendum skuldbréfavafningum útgefnum af erlendum bönkum. Á þeim tíma voru þessar eignir taldar traustar og henta vel til áhættudreifingar í eignasafni sjóðsins. Í lok síðasta árs kom í ljós að sjóðurinn varð fyrir verulegu tjóni þar sem eignirnar eru verðlittlar. Reynsla okkar af milligöngu viðskiptabankanna í þessum viðskiptum er ekki góð og eftirleidis munum við leggja áherslu á bein og milliliðalaus samskipti við erlend fjármálafyrirtæki. Það er skoðun formanns að ekki eigi að fjárfesta í bréfum sem ekki eru auðseljanleg fyrir utan sjóðfélagalánin.

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur allt frá stofnun verið í fararbroddi varðandi nýjungar í lífeyrismálum og þjónustu við sjóðfélaga. Vegna breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði var ákveðið að bjóða upp á nýja séreignarleið sem fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkisskuldabréfum. Þá samþykkti stjórn sjóðsins breytingar á lánareglum þar sem sjóðfélögum gefst kostur á viðbótarlánnum allt að fjárhæð 10 milljónir króna.

Á árinu var tekin ákvörðun um að styrkja eignastýringu sjóðsins og var sérfræðingur á því sviði ráðinn til starfa í september.

Stjórn sjóðsins hefur kannað möguleika á samrekstri með öðrum lífeyrissjóðum. Markmiðið með þessari vinnu er einkum að styrkja eignastýringu sjóðsins og ná fram stærðarhagkvæmni. Þessar viðræður hafa fram að þessu ekki leitt til niðurstöðu en stjórnin hyggst halda þessari vinnu áfram. Haft verður að leiðarljósi að tryggja sjálfstæði sjóðsins og þess að gæta hagsmuna sjóðfélaga í hvítvetna.

Á síðasta aðalfundi var tillaga stjórnar um að vinna eftir þriggja þrepa aðgerðaráætlun til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins samþykkt. Markmiðið var að ná jafnvægi milli eigna og skuldbindinga

sjóðsins á fimm árum. Samþykktin fól í sér að skerða áunnin réttindi um 10% og lækkun réttindaávinnslu vegna framtíðariðgjalda um 5%.

Við tryggingafræðilega athugun nú í apríl kom í ljós að tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 14,8%. Markmið aðgerðaáætlunarinnar muni því ekki nást nema með frekari lækkun réttinda. Helstu ástæður þessa eru annarsvegar varúðarafskrift að fjárhæð um 2,1 milljarður króna vegna síðasta árs og hinsvegar hækkandi lífaldur og þá einkum karla. Samþykktir sjóðsins kveða á um að skerða beri réttindi ef tryggingafræðileg staða er neikvæð um meira en 10%. Fyrir aðalfundi liggur því tillaga um að réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 10%. Við þessa aðgerð mun tryggingafræðileg staða verða neikvæð um 9,8%.

Fjármálakreppan hefur leitt til tímabundinnar lækkunar lífeyrisréttinda en það er von stjórnenda sjóðsins að með markvissum aðgerðum í eignastýringu takist að vinna til baka þetta eignafall á næstu árum. Sérstaða sjóðsins kemur sér einnig vel hvað þetta varðar. Meðalaldur greiddandi sjóðfélaga er hagstæður eða aðeins um 42 ár. Flestir gerast aðilar að sjóðnum um 30 ára aldur og elstu greiddandi sjóðfélagar eru 72 ára. Þannig hefur sjóðurinn möguleika á að nýta kosti hagstæðrar aldurssamsetningar til þess að hámarka arðsemi á komandi árum. Þá er örorkutíðni sjóðfélaga mun lægri en að jafnaði meðal lífeyrissjóða. Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að einungis 20% af iðgjöldum ársins eru greidd út í formi lífeyris og því mun Lífeyrissjóður verkfræðinga halda áfram að vaxa á komandi áratugum.

Framkvæmdastjóri sjóðsins Stefán Halldórsson lét af störfum í desember síðastliðinn. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka honum fyrir samstarfið. Ég vil einnig þakka öðrum stjórnarmönnum og starfsmönnum sjóðsins fyrir þeirra störf.

Sigurður Áss Grétarsson, formaður

# Ávöxtun og tryggingafræðileg staða

Árið 2009 einkenndist af erfiðleikum sem fylgdu í kjölfar fjármála- og gjaldeyriskreppunnar sem hóst á haustmánuðum 2008. Á árinu 2008 lagði sjóðurinn til hliðar um 6 milljarða í varúðarafskrift vegna fyrirsjáanlegs taps af innlendum skuldabréfum. Á þeim tíma var þetta talin nægjanleg niðurfærsla. Í byrjun árs 2009 kom í ljós að fleiri fyrirtæki og lánastofnanir fóru í þrot. Að auki varð sjóðurinn fyrir verulegu tjóni vegna erlendra skuldabréfavafninga á seinni hluta ársins. Sjóðurinn lagði því til hliðar 2 milljarða til viðbótar í varúðarafskrift á árinu 2009.

Verðlag hækkaði um 8,6% á árinu 2009 og gengi krónunnar lækkaði um 7% gagnvart GVT. Erlend hlutabréf skiluðu bestu ávöxtun á árinu eða 43,5%. Bankainnstæður skiluðu 16,6% ávöxtun og sjóðfélagalán 13,3%. Ávöxtun annarra eignaflokka markaðist af verulegum afskriftum. Þannig var ávöxtun annarra innlendra skuldabréfa aðeins 3,9%, innlend hlutabréf lækkuðu um 21% í verði og erlend skuldabréf skiluðu 44,2% neikvæðri ávöxtun.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 8,4% á árinu 2009 og hrein raunávöxtun var neikvæð um -0,4%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er -3,8%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 28.281 m.kr. í árslok.

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar var neikvæð um 14,8% í árslok 2009 en var neikvæð um 16,8% í árslok 2008. Á aðalfundi 2009 lagði stjórn til skerðingu á áunnum réttindum um 10% og 5% skerðingu á framtíðarréttindum. Sú aðgerð lagaði tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um 6,7 prósentustig eða í 10,1%.

Staða áfallinna skuldbindinga var neikvæð um 11.947 m.kr. í lok árs 2009 eða -30,1% af áföllnum skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða vegna væntra framtíðariðgjalda var hins vegar jákvæð um 1.530 m.kr. eða um 5,0% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 10.417 m.kr. eða sem nemur -14,8% af heildarskuldbindingum.


Fyrir aðalfundi 2010 liggur fyrir tillaga frá stjórn um að skerða áunnin réttindi (áfallið) um 10%. Ef tillagan nær fram að ganga þá batnar tryggingafræðileg staða sjóðsins úr -14,8% í -9,8%. Í aðgerðaráætlun stjórnar er lagt til að koma tryggingafræðilegri stöðu niður undir -5% eftir tvö ár og í jafnvægi eftir fimm ár.

## Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar 31.12. 2009

Í milljónum króna


	Áfallið	Framtíð	Heild
Eignir.....	27.744	32.234	59.979
Skuldbinding	(39.692)	(30.704)	(70.396)
Eign-skuldb..	<b>(11.947)</b>	<b>1.530</b>	<b>(10.417)</b>
% af skuldb...	-30,1%	5,0%	-14,8%

## Hrein raunávöxtun



## Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í milljónum króna



# Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld til samtryggingardeildar lækkuðu um 9,2% á milli árunna 2008 og 2009 og voru 2.060 m.kr. á árinu 2009. Á sama tíma fjölgaði þeim sem greiddu í sjóðinn á síðasta ári um 9. Ástæður lækkunar iðgjalda má því rekja til launalækkunar eða atvinnuleysis meðal sjóðfélaga.

Sá hluti lögboðins iðgjalds til samtryggingardeildar sem er umfram 10% færast í séreignarsparnað viðkomandi sjóðfélaga. Oftast er það 2% en getur verið hærri tala. Sjóðfélagar geta ráðstafað þessu umframíðgjaldi í einhverja af séreignarleikum sjóðsins eða til baka í samtryggingardeild og aukið þar með réttindi sín í sjóðnum.


Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 429 m.kr. á síðasta ári og var það aukning um 19,6% frá fyrra ári. Greiðslubyrði sjóðsins er enn nokkuð lág miðað við aðra sjóði eða rúm 20% af iðgjöldum. Það stafar einkum af tvennu, annars vegar er meðalaldur sjóðfélaga nokkuð lágur vegna nýliðunar og hins vegar er örorkubyrði sjóðsins minni en almennt gerist. Lífeyrisbyrði hefur þó hækkað verulega á undanförunum árum en hún var 13,3% árið 2006. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 229 á árinu og fjölgaði þeim um 17 frá fyrra ári. Mikil hækkan lífeyrisgreiðslna umfram fjölgun lífeyrisþega stafar aðallega af hækkan verðlags um 8,6% á árinu þar sem lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar.

Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 77,9% af heildar lífeyrisgreiðslum, örorkulífeyrir var 8,6%, makalífeyrir 12,2% og barnalífeyrir var 1,3%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga er sá fjöldi sem greiðir iðgjöld að jafnaði allt árið. Á árinu 2009 var meðalfjöldi virkra sjóðfélaga 2.621 þar af 2.108 karlar og 513 konur. Hlutfall kvenna í sjóðnum hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Árið 2001 var hlutfall kvenna 13,3% af meðalfjölda virkra sjóðfélaga en var komið upp í 19,6% árið 2009. Alls greiddu 2.885 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu og 3.824 áttu réttindi í sjóðnum í árslok.


**Meðalfjöldi sjóðfélaga**

Eftir kynjum




**Iðgjöld**

Í milljónum króna



**Lífeyrisgreiðslur**

Í milljónum króna





# Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok

## Fjárfestingar ársins

Fjárfestingarþörf sjóðsins var um 4.600 m.kr. á síðasta ári. Hér er átt við nýja fjármuni í formi iðgjalda, afborgana og vaxta af skuldabréfum sem ekki voru í stýringu, að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Ekki eru talin með kaup og sala eignastýringaraðila.

Nær öllu ráðstöfunarfé sjóðsins var ráðstafað í innlend skuldabréf eða fyrir 4.576 m.kr. Af því var 2.700 m.kr. ráðstafað til stýringaraðila skuldabréfasafna, 770 m.kr. í skuldabréf sveitarfélaga, 482 m.kr. í íbúðarbréf, og 624 m.kr. í önnur skuldabréf sem að stærstum hluta eru með ábyrgð ríkisins. Í árslok voru 2.299 m.kr. á bankainnstæðum en þær lækkuðu um 697 m.kr. frá síðasta ári. Innstæður á sjóði og hlaupareikningi hækkuðu hins vegar um 177 m.kr. Ný sjóðfélagalán voru veitt fyrir um 178 m.kr.

Um 217 m.kr. var ráðstafað til kaupa á innlendum hlutabréfum á árinu. Tæpur helmingur af því var vegna hlutafjár sem sjóðurinn fékk upp í kröfur í fyrirtækjum sem fóru í þrot. Alls var 39 m.kr. ráðstafað í erlend hlutabréf. En einungis var heimilt að ráðstafa afborgunum af erlendum verðbréfum í erlend verðbréf á árinu. Alls var 43 m.kr. ráðstafað í erlendar sérsniðnar fjárfestingar vegna skuldbindinga sem búið var að gera áður.


## Verðbréfaeign í árslok

Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 28.436 m.kr. í lok ársins. Samsetning verðbréfasafnsins var í þremur atriðum frábrugðin fjárfestingarstefnu sjóðsins en í stefnunni er gert ráð fyrir allt að +/-5% fráviki í einstökum eignaflokkum. Innlend skuldabréf voru mun lægri sem hlutfall af eignum sjóðsins en stefnan sagði til um en það skýrist aðallega af verulegum hækkunum á erlendri hlutabréfaeign sjóðsins og afskriftum innlendra skuldabréfa. Erlend hlutabréf voru þeim mun meiri en stefnan sagði til um. Loks voru innlán og bankainnstæður verulega hærri en stefnan sagði til um en það stafaði af mjög hagstæðum innlánasamningi og skorti á fjárfestingartækifærum sem fullnægja kröfum sjóðsins.

Bankainnstæður voru 9,8% af heildar verðbréfaeignum sjóðsins í lok ársins. Sjóðfélagalán voru 22,6%, innlend skuldabréf voru 36,3% og hlutabréfatengd skuldabréf 1,8%. Innlend hlutabréf námu 1,6% af heildar verðbréfaeign sjóðsins í árslok, erlend skuldabréf 4,0% og erlend hlutabréf 18,3%. Sérsniðnar fjárfestingar, sem eru fjárfestingar í framtaks-sjóðum, vognarsjóðum og millilagsskuldabréfum, námu 5,4% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok.

Vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkisins og sveitarfélaga jókst verulega í eignasafni sjóðsins á síðasta ári. Þannig voru ríkisbréf og íbúðarbréf 13% af eignasafninu í árslok 2009 en voru til samanburðar 3,5% árið áður. Vægi sveitarfélaga-bréfa var 6,0% í árslok 2009 en var 3,6% í árslok 2008.

Verðbréfaeign í árslok 2009



# Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2010 er sem hér segir:

- Bankareikningar..... 5%
- Sjóðfélagalán..... 23%
- Innlend skuldabréf..... 42%
- Hlutabréfatengd skuldabréf.... 1%
- Innlend hlutabréf..... 2%
- Erlend skuldabréf..... 4%
- Erlend hlutabréf..... 18%
- Sérniðnar fjárfestingar ..... 5%

Helsta áherslubreytingin frá síðasta ári er sú að vægi erlendra hlutabréfa er aukið verulega eða um 12,6% af heildar verðbréfaeign og vægi innlendra skuldabréfa er lækkað um 7%, sérniðnar fjárfestingar minnka um 3% og innlend hlutabréf um 2%. Aukið vægi erlendra hlutabréfa stafar eingöngu af verulegri hækkun þess eignarflokks á síðasta ári en ekki er gert ráð fyrir erlendum nýfjárfestingum vegna gjaldeyrishafta. Áhersla verður lögð á skuldabréf með ábyrgð ríkisins, skuldabréf sveitarfélaga og traustra fyrirtækja. Bankainnstæður aukast lítillega en ráðstöfun í þann eignarflokk fer mikið eftir þróun innlánsvaxta á árinu.

Vikmörk hvers verðbréfaflokks eru yfirleitt um 5% í hvora átt. Fjárfestingarstefnan skal rúmast innan ákvæða 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um hámark fjárfestingar í einstökum tegundum eða flokkum verðbréfa eða bréfum útgefnum af sama útgefanda.

Safnið skiptist í tvo meginhluta eftir seljanleika á markaði:

1) Auðseljanleg markaðsverðbréf sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Markaðsskuldabréf eru færð á framreiknaðri kaupkröfu en önnur markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði í bókum sjóðsins. Öllum þessum bréfum er skipað í eignasöfn eftir verðbréfaflokkum. Sjóðurinn hefur samið við innlend og erlend fjármálafyrirtæki um stýringu safnanna.


Innlendar og erlendar verðbréfavísitölur eru notaðar sem viðmiðun og stefnt er að því að flókt ávöxtunar safnanna sé áþekkt og viðmiðunarvísitalna.

2) Verðbréf sem lítil eða engin viðskipti eru með á markaði, annaðhvort vegna þess að þau eru ekki skráð eða að eftirmarkaður hefur ekki myndast. Þessi verðbréf eru í vörslu sjóðsins. Þau eru færð á framreiknuðu kaupverði eða nafnverði í bókum sjóðsins. Að langstærstum hluta er um að ræða skuldabréf og er almennt reiknað með því að eiga þau fram að gjalddaga. Einu hlutabréfin í þessum flokki eru bréf hlutafélaga sem sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn.

Gjaldeyrishöft sem nú eru í gildi hafa áhrif á fjárfestingarstefnuna. Í stækkandi sjóði minnkar vægi fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum, því að ekki má kaupa gjaldeyri til nýrra fjárfestinga. Einnig er óheimilt að nota gjaldmiðlasamninga til að verjast sveiflum í gengi krónunnar. Sjóðurinn var með samninga um gjaldmiðlavarnir hjá tveimur viðskiptabankanna sem féllu í fyrrahaust. Enn er óuppgert tap á gjaldmiðlavörnum frá fyrra ári vegna ágreinings um uppgjör samninga.

Stjórn sjóðsins hefur þegar endurbætt eigna- og áhættustýringareglur sjóðsins í kjölfar áfallanna sem sjóðurinn hefur orðið fyrir á árinu 2008 og 2009.

Fjárfestingarstefna 2009



# Sjóðfélagalán

Arion Banki, aðalútibúið við Hlemm, sér um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána fyrir sjóðinn eftir að SPRON fór í þrot á árinu 2009. Arion sér einnig um alla aðra umsýslu vegna lánanna s.s. veðflutninga, skuldbreytingar ofl. Hægt er að beina fyrirspurnum um lán á netfangið lifsverk@arionbanki.is.

Ný lán til sjóðfélaga námu 178 m.kr. á árinu 2009 sem er veruleg lækkun frá árinu á undan. Alls voru afgreidd 30 ný lán á árinu. Til samanburðar voru afgreidd 131 lán á árinu 2008 fyrir um 795 m.kr. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána var 6.542 m.kr. í árslok 2009. Fjöldi lána var 1.996 í árslok og þar af voru 34 í vanskilum, auk þess höfðu 9 sjóðfélagar nýtt þann möguleika að hætta greiðslum tímabundið. Alls voru 905 lán í greiðslujöfnun í lok árs eða um 45% af heildarfjöldi lána.

Á aðalfundi sjóðsins árið 2009 kynnti stjórn sjóðsins hugmyndir sínar um hækkun vaxta á sjóðfélagalánunum úr 3,5% í 3,7%, til að mæta rekstrarkostnaði sjóðsins sem er 0,2% af eignum. Í kjölfar fundarins voru vextirnir hækkaðir frá 1. júlí 2009.

Í október 2009 samþykkti stjórn sjóðsins að veita viðbótarlán til sjóðfélaga. Lánin eru að hámarki 10 m.kr. og er lánstíminn 5-10 ár. Vextir viðbótarlánanna eru 0,5% yfir vöxtum Íbúðalánasjóðs á lánunum með uppgreiðsluheimild. Að öðru leyti gilda sömu reglur um viðbótarlánin og sjóðfélagalán.

## Lánareglur sjóðsins

Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 12 mánuði og vera í skilum með iðgjöld.

Hámarkslán í desember 2009 var kr. 9.852 þús. og breytist lánsfjárhæðin í samræmi við byggingarvísitölu. Hver sjóðfélagi á rétt á einu láni en getur þó tekið hluta lánsfjárhæðar og geymt þannig hluta lánsréttar til síðari tíma.


Lánstími er að hámarki 25 ár og eru vextir breytilegir, nú 3,7% en stjórn sjóðsins er heimilt að hækka vextina í 5%. Lán er bundið sjóðfélaganum og getur hann ekki selt það frá sér með fasteign. Hætti sjóðfélagi að greiða iðgjald til sjóðsins eða greiði lægra iðgjald en kr. 332.000 á ári án þess að þiggja lífeyri frá sjóðnum, er sjóðnum heimilt að hækka vextina í 5%.

Sjóðfélagalánin eru tryggð með veði í fasteign og þurfa þau að rúmast innan 65% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar og jafnframt er nauðsynlegt að brunabótamat eignarinnar sé hærra en eftirstöðvar áhvílandi lána.

Lántökugjald er 1%. Stimpilgjald er 1,5% sem rennur í ríkissjóð. Sjóðfélagar greiða allan kostnað vegna innheimtu, veðflutnings, veðleyfis og annarrar skjalagerðar.


## Ný sjóðfélagalán

Í milljónum króna



## Fjárhæð sjóðfélagalána

Í milljónum króna



# Innri málefni og sérstaða

---

## Innri málefni sjóðsins

Lífeyrissjóður verkfræðinga vinnur stöðugt að því að endurskoða og bæta innri vinnuferla. Í handbók innra eftirlits eru lýsingar á helstu verkferlum sjóðsins, skipuriti, starfslýsingum o.fl. Í annarri handbók eru lýsingar á verkferlum allra starfsmanna og loks er öryggishandbók með lýsingum á helstu öryggisþáttum sjóðsins, viðbrögðum við hættum og meðferð persónuupplýsinga. Öryggishandbókin er skrifuð eftir tilmælum FME og Persónuverndar.

Í kjölfar bankahrunsins á árinu 2008 beitti stjórn sjóðsins sér fyrir endurskoðun á eigna- og áhættustýringarreglum sjóðsins. Liður í þeirri vinnu var tillaga á aðalfundi árið 2009 um breytingar á samþykktum þar sem ný grein var sett inn í samþykktirnar sem lýtur að verklagsreglum um eigna- og áhættustýringu. Hún kveður m.a. á um hámarkseign í verðbréfum einstakra útgefanda og tengdra aðila, fjárfestingar í flóknum fjármálaafurðum, eiginfjárkröfum útgefanda og reglubundinni greiningu á mögulegri keðjuverkun áfalla. Í kjölfarið voru eigna- og áhættustýringareglur sjóðsins endurbættar með þetta að markmiði.

Á árinu 2009 var sett á laggirnar endurskoðunarnefnd sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Samþykktum sjóðsins var breytt á árinu 2009 þess efnis að í stað tveggja skoðunarmanna eru kosnir tveir sjóðfélagar í endurskoðunarnefnd. Stjórn tilnefnir þriðja nefndarmanninn úr sínum röðum og er hann formaður nefndarinnar. Endurskoðunarnefnd sjóðsins tók til starfa á haustmánuðum 2009. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að hafa eftirlit með innri og ytri endurskoðun sjóðsins og sjá til þess að innra eftirlit sé virkt hjá sjóðnum.

Í lokaorðum endurskoðanda í innri endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2009 segir: "Flestar úttektir á innri eftirlitsaðgerðum eru án fráviks. Þar sem um frávik er að ræða höfum við metið áhættuna á verulegum skekkjum eða misfærslum og er það mat okkar að um hvorugt sé að ræða."

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður haustið 1954. Í samanburði við aðra lífeyrissjóði hefur sjóðurinn nokkra sérstöðu.

## Aldurstengt réttindakerfi

Sjóðurinn hefur notað aldurstengt réttindakerfi frá upphafi og var lengst af eini sjóðurinn sem notaði það. Á síðustu misserum hafa nær allir lífeyrissjóðir tekið það upp.

## Sjóðfélagalýðræði

Sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund hafa atkvæðisrétt og allir sjóðfélagar eru kjörgengir. Í flestum öðrum sjóðum tilnefna vinnuveitendur helming stjórnarmanna en stéttarfélag kjósa eða tilnefna hinn helminginn.

## Lágir lánavextir

Frá upphafi hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum hagstæð húsnæðislán. Vextir sjóðfélagalána eru 3,7% umfram verðbólgu.

## Ákjósanlegur sjóðfélagahópur

Sjóðfélagahópur sjóðsins er ákjósanlega samsettur, sérstaklega hvað varðar örorkulíkur, og ætti það að skila sér til lengdar í auknum hagnaði sem úthlutað er til sjóðfélaga í forni aukinna réttinda.

## Góð menntun

Sjóðfélagar eru háskólamenntaðir og vinna að mestu leyti störf sem reyna fremur á huga en hönd, með minni slysaþættu og mun minna líkamlegu sliti en almennt gerist. Örorkulíkur eru með því lægsta sem gerist meðal lífeyrissjóða.

## Góð laun

Sjóðfélagar eru almennt vel launaðir og stunda eftirsóknarverð störf. Hvatinn er því mikill að fara að nýju út á vinnumarkaðinn eftir að þeir hafa orðið fyrir tímabundinni skerðingu á starfsgetu.

# Séreignardeild

## Breytingar á reglum um séreignarsparnað

Með lagabreytingum sem tóku gildi í ársbyrjun 2009 var heimilað að greiða út séreignarsparnað í einu lagi frá 60 ára aldri í stað 67 ára áður. Ennfremur var heimilað að greiða erfingjum í einu lagi við fráfall, en áður hafði greiðslan í sumum tilvikum dreifst á sjö ár.

Með bráðabirgðaákvæði sem tók gildi 13. mars 2009 var heimilað að greiða út eina milljón króna að hámarki með jafnri dreifingu yfir níu mánaða tímabil úr séreignarsjóði. Þessi heimild nær þó aðeins til þess séreignarsparnaðar sem stofnað hefur verið til með samningi um reglubundin iðgjöld launþega og launagreiðanda

Alþingi samþykkti ný lög í desember 2009 þar sem ofangreind heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar var aukin í samtals 2,5 m.kr. og frestur til að nýta hana framlengdur til 1. apríl 2011.

Í janúar 2006 hóf sjóðurinn að ráðstafa þeim hluta samtryggingariðgjalda sem er umfram 10% í séreignarsparnað sjóðfélaga. Þessi aðgerð var kynnt sjóðfélögum ítarlega í fréttabréfi sjóðsins. Umframiðgjaldinu er ráðstafað í séreignarleið 1 nema sjóðfélaginn óski eftir öðru.


## Séreignarleiðir

Lífeyrissjóður verkfræðinga býður þrjár leiðir í séreignarsparnaði. Leið 1 fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum. Leið 2 fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Leið 3 fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkistryggðum verðbréfum. Þriðja leiðin var sett á stofn eftir bankahrunið og hóf starfsemi í ágúst 2009. Allar leiðirnar eru í stýringu hjá Íslenskum Verðbréfum hf.

Í kjölfar bankahrunsins varð veruleg lækkun á gengi séreignarleiða 1 og 2, bæði vegna tapaðra bréfa og varúðarafskriftar vegna skuldabréfa banka og sparisjóða, eignarhaldsfélaga og ýmissa annarra hlutafélaga. Fjárfestingarstefna leiðanna hefur verið endurskoðuð frá grunni. Þannig er eingöngu fjárfest í öruggum skuldabréfum með ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga. Séreignarleið 1 er enn með nokkuð af skuldabréfum fyrirtækja og lánastofnana sem búið er að afskrifa eftir bankahrunið. Séreignarleiðir 2 og 3 eiga hins vegar ekkert af slíkum bréfum.

Nokkur fjöldi sjóðfélaga hefur nýtt sér bráðabirgðaheimild í lögum og fengið greitt út úr séreignarsjóði sínum. Alls höfðu 103 sjóðfélagar fengið slíka greiðslu í árslok 2009 eða sem nemur 74,5 m.kr.

Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 1



Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 2



# Séreignardeild

## Sparnaðarleið 1

Fjárfestingarstefna leiðarinnar er 40-100% í innlendum verðbréfum með ríkisábyrgð, 0-55% í öðrum innlendum skuldabréfum og 0-100% í innlánum. Í árslok 2009 var samsetning leiðarinnar þannig að 66% var í skuldabréfum með ríkisábyrgð, 25% í skuldabréfum fyrirtækja og lánastofnana og 9% í innlánum.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var 8,6% á árinu 2009, og hrein raunávöxtun 0,0%. Iðgjöld námu 584,5 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 150 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 2.854,9 m.kr. í árslok.

## Séreignarleið 2

Fjárfestingarstefna leiðarinnar er 20-80% innlend verðbréf með ríkisábyrgð, 0-30% önnur innlend skuldabréf, 0-30% erlend skuldabréf, 0-50% innlend hlutabréf, 0-50% erlend hlutabréf og 0-100% innlán. Í árslok 2009 var samsetning leiðarinnar þannig að 44,6% var í skuldabréfum með ríkisábyrgð, 10,3% í öðrum innlendum skuldabréfum, 6,4% í innlendum hlutabréfum, 29,1% í erlendum hlutabréfum og 9,5% í innlánum.


Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var 30,4% á árinu 2009 og hrein raunávöxtun 20,0%. Iðgjöld námu 69 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 4,3 m.kr. og hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 250,7 m.kr.

## Séreignarleið 3


Fjárfestingarstefna leiðarinnar er 50-100% í innlánum og 0-50% í innlendum verðbréfum með ríkisábyrgð. Í árslok 2009 var samsetning leiðarinnar þannig að 75% voru í innlánum og 25% í skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 3 var 10,0% á árinu 2009, umreiknuð til ársávöxtunar, og hrein raunávöxtun 1,3%. Iðgjöld námu 8,6 m.kr. en ekkert var greitt í lífeyri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 8,8 m.kr.

Hrein raunávöxtun séreignarleiðar 3



Hrein eign til greiðslu lífeyris í milljónum króna



## *Breytingar á samþykktum*

---

Á aðalfundi 2010 leggur stjórn sjóðsins til eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins:

### Grein 19.8

Áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega miðað við (gildistökudag samþykktanna sbr. grein 21.1) skulu lækkuð um 10%.

**Greinargerð:** Á aðalfundi sjóðsins þann 5. maí 2009 var samþykkt aðgerðaráætlun til að bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Markmiðið var sett að ná tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi á fimm árum.

Neikvæð raunánvöxtun undanfarin ár m.a. vegna varúðarafskrifta upp á um 2,1 milljarð króna á síðasta ári og hækkandi lífaldur hafa orðið til þess að sjóðurinn á nú aðeins fyrir um 70% af áföllnum skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða er neikvæð um 14,8% en samþykktir kveða á um að skerða beri réttindi ef hún er neikvæð um meira en 10%. Ljóst er að markmið aðgerðaráætlunarinnar mun ekki nást nema með frekari lækkun réttinda. Greiðandi sjóðfélagar hafa orðið fyrir launaskerðingu sökum minnkandi vinnu en meðaliðgjöld þeirra til sjóðsins lækkuðu um 8,7% milli ára. Lífeyrir fylgir hins vegar neyslúvísitölu og hækkaði um 8,6% fyrir utan 10% skerðingu í september á sl. ári.

### Grein 21.1

Samþykktir þessar gilda frá **fyrsta mánaðardegi næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins.**

**Greinargerð:** Þessi texti er í samræmi við tilmæli fjármálaráðuneytisins.

## Stjórn og starfsmenn

---

### Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara.

Á aðalfundi 2009 voru Sigurður Áss Grétarsson og Kristján M. Ólafsson endurkjörnir í stjórn sjóðsins til þriggja ára. Þrándur Ólafsson var kjörinn í varastjórn til þriggja ára og Guðmundur Örn Jónsson var kjörinn í varastjórn til tveggja ára.

Á aðalfundi í apríl 2010 hefði Þórir Guðmundsson lokið kjörtímabili sínu í aðalstjórn og Hulda Guðmundsdóttir í varastjórn. Þórir sagði sig úr stjórn sjóðsins í febrúar sl. Þegar bróðir hans var ráðinn framkvæmdastjóri. Í kjöri á aðalfundi 2010 er einn aðalmaður til þriggja ára og einn varamaður til þriggja ára.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Sigurður Áss Grétarsson, formaður (2012)

Þórir Guðmundsson, varaformaður (2010)

Birna Pála Kristinsdóttir (2011)

Óskar Maríusson (2011)

Kristján M. Ólafsson (2012)

Varamaður:

Hulda Guðmundsdóttir (2010)

Þrándur Ólafsson (2012)

Guðmundur Örn Jónsson (2011)

Stjórnin kom saman 15 sinnum frá síðasta aðalfundi. Alls voru greiddar 4.395 þúsund krónur í stjórnarlaun á síðasta ári.



Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Frá vinstri: Sigurður, Þórir, Kristján, Birna og Óskar

### Starfsmenn

Alls störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum í fullu starfi á árinu 2009. Nýr starfsmaður, Lýður H. Gunnarsson, var ráðinn til sjóðsins sem sérfræðingur í eignastýringu í september 2009. Lýður er viðskiptafræðingur, M.Sc. og löggiltur verðbréfamiðlari.

Starfsmenn sjóðsins í árslok:

Erla Jóna Sigurðardóttir, iðgjaldaskráning

Guðmundur V. Friðjónsson, fjármálastjóri

Jón Tryggvi Jóhannsson, lögfræðingur

Lýður H. Gunnarsson, eignastýring

Óla Helga Sigfinnsdóttir, aðalbókari

Þórhallur S. Barðason, verðbréfaskráning

Stefán Halldórsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins í desember 2009. Ingólfur Guðmundsson var ráðinn framkvæmdastjóri í febrúar 2010. Ingólfur er rekstrarhagfræðingur að mennt og löggiltur verðbréfamiðlari. Starfsfólk sjóðsins og stjórn þakka Stefáni samstarfið á liðnum árum og bjóða Ingólfi velkominn í hópinn.

Alls voru greiddar 48.368 þúsund krónur í laun til starfsmanna á árinu.



Starfsmenn Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Efri röð frá vinstri: Þórhallur, Óla, Lýður, Erla og Guðmundur. Sitjandi frá vinstri: Jón Tryggvi, Ingólfur og Stefán.



# *Ársreikningur 2009*

**Lífeyrissjóður verkfræðinga**



# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga

